

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 4. janúar 2022


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 96. mál.


Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. desember 2021, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 96. mál (152. löggjafarþingi, þskj. 96). Þingsályktunartillagan er endurflutt frá 150. löggjafarþingi í nær óbreyttri mynd. Lagt er til að Alþingi álykti að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að koma fyrir lok árs 2022 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir tillöguna og styðja að hún verði samþykkt. Samtökin leggja þó áherslu á að við undirbúning áttaksins liggi fyrir sem áreiðanlegust gögn um hverju landgræðsla skilar í kolefnisbindingu, enda eru slík gögn í mörgum tilvikum ekki fullnægjandi eða þau skortir. Að auki er mikilvægt að samræma þjóðaráttak sem þetta við stefnu stjórnvalda um nýtingu bújarða sem henta vel til landbúnaðarnota, sem vísað er til m.a. í drög að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, gefin út 2021 (Ræktum Ísland!), skýrslu stýrihóps sem skipaður var af forsætisráðherra um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir, gefin út í maí 2021, sem leggur drög að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem og eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda, gefin út af fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefin út í júlí 2019. Þá verði jafnframt höfð hliðsjón af markmiðsákvæði jarðalaga nr. 81/2004, með síðari breytingum, þar sem m.a. er kveðið á um að tryggja skuli svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota og að fæðuöryggi sé tryggt til framtíðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri


Guðrún Vaka Steingrímsdóttir